

Ársskýrsla velferðarsviðs 2021

Reykjavík – fyrir okkur öll



Velferðarsvið í hnottskurn



18.564

Fjöldi notenda sem fékk þjónustu frá velferðarssviði árið 2021



3.459

Fjöldi starfsfólks velferðarsviðs að meðaltali í mánuði árið 2021



42.985

Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs í milljónum króna árið 2021

Gildi velferðarsviðs



Virðing

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eignum í samskiptum við. Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við annað fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.



Virkni

Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Við veitum einstaklingsmiðaða þjónustu og vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði borgarbúa og starfsfólks.



Velferð

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa og vinnum markvisst gegn fátækt. Við styrkjum fjölskyldur og einstaklinga með fræðslu, stuðningi, eftirfylgd og endurhæfingu þegar við á.

Ársskýrsla velferðarsviðs 2021

**Þjónusta
Starfsemi
Rekstur
Annáll**

[+ Eldri ársskýrslur](#)

[+ Velferðarstefna](#)

[+ Stafræn útgáfa árskýrslu velferðarsviðs 2021](#)



Tímamótaár að baki – ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs

Í framtíðinni verður litið til ársins 2021 sem tímamótaárs í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar. Þá samþykktum við fyrstu velferðarstefnu borgarinnar. Stefnan, sem gildir fram til ársins 2030, er samvinnuverkefni fjölmargra hagsmunaaðila. Notendur velferðarþjónustunnar lögðu fram mikilvægt hráefni til velferðarstefnunnar, enda eru þeir helstu sérfraeðingar sinna málaflokka, en einnig lagði starfsfólk velferðarsviðs, kjörnir fulltrúa, samstarfsaðilar og íbúar Reykjavíkur svo sannarlega sitt af mörkum. Við fórum ólíkar leiðir til að ná til fólks, því við vildum heyra raddir sem flestra svo endanleg stefna næði til allra. Vel tókst til og ég er afar stolt af útkomunni. Ég er sannfærð um vinnan sem liggar þarna að baki kemur til með að skila okkur bæði betri velferðarþjónustu og ánægðara starfsfólkí þegar upp er staðið.

Samfélagið stendur í þakkarskuld við starfsfólk í velferðarþjónustu

Árið 2021 staðfesti í mínum huga það sem ég vissi reyndar þegar – að á velferðarsviði starfar metnaðarfullt og dugmikið fólk, sem finnur nýjar leiðir til að veita framúrskarandi þjónustu þegar þörfin kallað. Viðbrögð starfsmanna við öllum þeim áskorunum sem Covid-19 faraldurinn færði sviðinu eru sönnun þessarar fullyrðingar. Starfsfólk lagði á sig ómælda vinnu við að halda úti órofinni þjónustu og vernda þá viðkvæmu hópa sem sviðið er að þjónusta.

Oft hefur mér þótt skorta á að sá fjölmenni hópur sem sinnir velferðarþjónustu á Íslandi fái þær þakki og þá viðurkenningu samfélagsins sem hann á skilið. Í okkar hópi eru sjúkraliðar, hjúkrunarfraeðingar, sálfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar, félagsráðgjafar og broskajálfar – svo fáeinarr stéttir séu nefndar. Einnig fjölmennur hópa starfsmanna í Eflingu og Sameyki. Þessar stéttir eru vanar að hlaupa hratt og bera mikla ábyrgð. Covid-tínum hefur fylgt mikill og verðmætur lærðómur en einnig mikið álag á starfsfólk. Það er því þörf á að huga vel að starfsumhverfi á stofnunum sviðsins, með heilsuvernd starfsfólk í huga. Nýjar tillögur þar að lútandi líta dagsins ljós nú á næstu vikum og því ber að fagna.

Merkilegir áfangar á árinu

Á árinu voru ýmis skref tekin í átt að betri velferðarþjónustu. Í tengslum við samþykkt velferðarstefnunnar voru samþykktar skipulagsbreytingar á velferðarsviði. Þjónustumiðstöðvar borgarinnar eru nú fírar í stað fimm og heita Norðurmíðstöð, Austurmíðstöð, Suðurmíðstöð og Vesturmíðstöð. Auk þess hefur rafræn miðstöð bæst í hópinn, sem er í samræmi við stafræna vegferð borgarinnar. Henni er ætlað að vera fyrsta stopp notenda þjónustunnar. Skipurit voru samræmd á milli þjónustumiðstöðva og meðal annars voru nýjar deildir barna og fölkskyldna stofnaðar sem verða burðarás í innleiðingu nýrra farsældarlaga. Þá er aukin áhersla á virkni í tengslum við félagslega ráðgjöf og stuðningi við forstöðumenn búsetukjarna með stofnun deilda um málefni fatlaðs fólks á öllum miðstöðvum.

Þá voru sérhæfð teymi gerð sýnilegri í skipuritunum, meðal annars með stofnun Alþjóðateymis, sem ber ábyrgð á þjónustu við innflytjendur, umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk en teymið heyrir nú undir Suðurmíðstöðina í Mjódd. Við fylgdum markvisst uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk og opnuðum fjóra nýja og glæsilega íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á árinu sem við getum verið afar stolt af. Virknihús tók einnig til starfa en undir það falla öll virkiúrræði velferðarsviðs. Þá voru samþykktar nýjar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og jafnframt reglur um stuðningsþjónustu sem miða að eldri borgurum, sem allar fela í sér bætta þjónustu við þá hópa.

Miklar breytingar til að gera borgina enn betri fyrir börn

Á haustmánuðum 2021 samþykktum við líka að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í alla borgarhluta. Því verkefni fylgir stóraukið samstarf velferðarsviðs við skóla- og frístundasvið með flutningi tuga starfa úr Borgartúni á miðstöðvarnar fírar. Breytingarnar tóku gildi í janúar 2022 og er markmiðið að samhæfa eins og kostur er alla skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í borgarhlutanum og auka þverfaglega samvinnu.

Innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn fylgja fjöldi úrlausnarefna og áskoranna en starfsfólk velferðarsviðs mun halda áfram að takast á við þau verkefni af sömu bjartsýni og krafti sem einkennir starfsfólk sviðsins.

Regína Ásvaldsóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



Velferðarbjónusta er mannréttindabjónusta – ávarp formanns velferðarráðs

Við Reykvíkingar erum alls konar, með margvíslega hæfileika, drauma, þekkingu, reynslu, langanir og þarfir. Velferðarbjónusta gæti rétt eins kallast mannréttindabjónusta því hún gengur út á að jafna tækifæri fólks og lífsskilyrði og tryggja að öll getum við tekið þátt í samfélaginu á okkar forsendum. Sumir íbúar þurfa umfangsmikla bjónustu í langan tíma, jafnvel alla ævi, meðan sum eru alveg ómeðituð um tilvist hennar.

Velferðarstefnan tryggir þróun í rétta átt

Velferðarráð hefur í gegnum tíðina samþykkt margvíslegar stefnur og aðgerðaáætlunar í ákveðnum málaflokkum sem unnið er eftir á velferðarsviði. Mér fannst mikilvægt, þegar ég tók við sem formaður velferðarráðs, að við gerðum eina yfirstefnu sem tryggði að við værum að þróast í rétta átt í öllum málaflokkum, einskonar ramma fyrir velferðarbjónustu. Þrátt fyrir covid-ár og erfiðleika náðum við að fá fyrstu velferðarstefnu Reykjavíkur samþykktá í borgarstjórn á liðnu ári. Stefnan var unnin í miklu og þéttu samráði og samvinnu með borgarbúum, notendum þjónustunnar, hagsmunaðilum, starfsmönnum og sérfræðingum. Rauði þráðurinn sem leiðir okkur í gegnum stefnuna er að öll þjónusta á að vera skipulögð og framkvæmd út frá þörfum og vilja notenda. Við Reykvíkingar viljum finna að á okkur sé hlustað og að þjónustan sé útfrá okkar þörfum en ekki útfrá fyrirfram skipulögðu kerfi. Við viljum efla snemmtæka þjónustu og forvarnir til að stuðla að heilsu og vellíðan okkar allra og þá um leið koma í veg fyrir margvíslegan vanda. Það var ákall um að einfalda aðgengi að þjónustu borgarinnar og gera hana aðgengilegri sem við gerum meðal annars með þjónustu í gegnum netið og að færa sjálfa þjónustuveitinguna nær notendum og á fleiri tungumálum.

Mikilvægur stuðningur við barnafjölskyldur

Við erum að auka og samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra með samhæfingu þjónustu á vegum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, bæði í innleiðingu farsældarlaga og í verkefninu Betri borg fyrir börn. Í aðgerðaáætlun gegn sárafátækt horfum við einmitt sérstaklega til þess hvernig forða má börnum frá því að alast upp við fátækt. Til að styrkja enn stuðning við barnafjölskyldur þurfum við að halda áfram á þessari braut. Stuðningsbjónusta til barna veitir fjölmörg tækifæri til að tryggja öllum börnum tækifæri til að taka þátt í frístundum, styrkja sig og sína hæfileika. Virknihús styður notendur fjárhagsaðstoðar til virkni og vinnu, á þeirra forsendum. Þar eru fjölmörg námsúrræði og sértæk verkefni fyrir ákveðna hópa fólk. Á þessari braut er mikilvægt að halda áfram, valdefla fólk í erfiðum aðstæðum.

Framundan er fjöldi spennandi verkefna og stefnumótun hjá velferðarráði. Það er staðreynd að samfélög, þar sem samstaða og samhjálp er mikil, ná lengra sem heild en samfélög þar sem fólk hugsar fyrst og fremst um eigin hag. Það eru samfélög með sterkt velferðarkerfi. Nú höfum við velferðarstefnuna sem leiðarljós. Framundan er umbreyting þjónustu og forvarna í anda hennar. Ég hlakka gríðarlega til að vinna að því mikilvæga verkefni. Þetta eru spennandi tímar – megi virðing og umhyggja einkenna öll okkar störf.

Heida Björg Hilmisdóttir
Formaður velferðarráðs


Þjónusta

Á árinu 2021 jókst þörfin fyrir velferðarþjónustu, líkt og hún hafði gert árið á undan, og náði sú aukning til langflestra málaflokka sem heyra undir velferðarsvið.

Áfram var tekist á við ýmsar áskoranir sem tengdust heimsfaraldri Covid-19, meðal annars mikil veikindi og fjarvistir starfsfólks. Nýrra leiða var leitað til að aðlaga þjónustuna að nýjum veruleika, ekki síst með þróun rafrænna lausna.



Heildarfjöldi notenda



8,1%
aukning milli ára
(17.167 árið 2020)

Fjöldi notenda eftir þjónustuflokkum



Fjöldi viðtala við notendur



2,9%
aukning milli ára
(18.709 árið 2020)



3,7%
aukning milli ára
(7.229 árið 2020)

Miðstöðvar

Miðstöðvar velferðarsviðs (áður þjónustumiðstöðvar) fara með rekstur helstu málauflokka sviðsins, s.s. starfsemi íbúðakjarna fyrir fatlað fólk, heimaþjónustu, stuðningsþjónustu, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf, sérfraðiþjónustu vegna barna í leik- og grunnskólum og ráðgjöf og stuðning vegna húsnæðismála fólks í félagslegum vanda.

Mikil aukning á notendum velferðarþjónustu og álag vegna Covid-19 setti svip á starfsemi miðstöðvanna á árinu. Því fylgdu aukin samskipti sem endurspeglast meðal annars í því að þeim fjölgaði þeim sem fengu viðtal, símtal eða tölvupóst frá miðstöð í sínu hverfi.


[Sjá meira um miðstöðvar](#)

Barnavernd

Barnavernd Reykjavíkur aðstoðar börn og foreldra í alvarlegum vanda við að tryggja velferð og öryggi barna með fjölbreyttri ráðgjöf, stuðningi og faglegum lausnum. Samráð er haft við foreldra við gerð áætlunar sem segir til um hvernig stuðningi er háttáð.




Fjöldi tilkynninga til Barnaverndar



Tilkynningum til [Barnaverndar](#) fækkar um tæp 7% milli ára eftir metári tilkynninga árið 2020.

Tilkynningum fækkaði í öllum flokkum milli ára, að því undanskildu að tilkynningum vegna kynferðisofbeldis fjölgaði um 50% milli ára. Talið er að vitundarvakning samfélagsins og aukin umræða um kynferðisofbeldi eigi sinn þátt í þeiri fjölgun.

Ástæður tilkynninga til Barnaverndar




[Hér](#) má lesa ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur fyrir árið 2021.

Börn og fjölskyldur

Börn og foreldrar/forráðamenn þeirra geta fengið fjölbreytta ráðgjöf og stuðning til að vinna með ýmsar áskoranir. Þær geta til dæmis verið tengdar hegðun, félagslegrí færni og samskiptum, einbeitingarvanda, námsframmistöðu, virkni, skólasókn, tilfinningavanda, þroska, sjón- og heyrnaskerðingum og hreyfihömlun.



Þjónusta við börn og fjölskyldur 2021 - fjöldi notenda




Skólapjónusta er veitt frá Miðstöðvum velferðarsviðs og berast umsóknir frá foreldrum eða gegnum skóla viðkomandi barns í samráði við foreldra.

Keðjan, sér um framkvæmd stuðningsþjónusta fyrir börn og foreldra þvert á borgina í samráði við Miðstöðvar velferðarsviðs. Umsóknir um stuðningsþjónustu berast Miðstöðvum þar sem fram fer mat á þjónustubörf.


Grundvallaratrið í starfsemi heimila fyrir fötluð og langveik börn eru jákvæð samskipti og samvinna við foreldra. Hlutverk skammtímadvala er að veita börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns og veita fjölskyldum þeirra stuðning.

Stuðningsþjónusta fyrir börn og foreldra - fjöldi notenda

Þjónustan felur í sér fjölbreyttar lausnir sem eru útfærðar eftir þörfum hvers og eins. Foreldrar fá stuðning við uppeldishlutverkið og börn frá stuðning til að auka virkni, bæta samskipti og efla sjálfstraust sitt.



Fjöldi umsókna um skólapjónustu




● Fjöldi barna ● Fjöldi umsókna

Covid-19 hafði skýr áhrif á aukningu umsókna um skólapjónustu á árinu 2020 og áframhaldandi aukning varð á árinu 2021. Þannig er mikil aukning í fjölda barna sem sótt var um skólapjónustu fyrir milli ára, eða um 30%. Fjöldi umsókna eykst um 36%.

Algengustu ástæður tilvísana til skólapjónustu

Við tilvísun barna til skólapjónustu eru helstu ástæður tilgreindar. Aukning er á öllum ástæðum tilvísana. Langmesta aukningin milli ára er hins vegar vegna tilfinningalegs vanda, eða 63%, og vegna málþroskavanda, eða 62%.




● Árið 2019 ● Árið 2020 ● Árið 2021

Fatlað fólk

Reykjavíkurborg hefur samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) að leiðarljósi í þjónustu við fatlað fólk. Í honum felst viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og því að fatlað fólk njóti mannréttinda til jafns við aðra.

Fjöldi notenda í helstu þjónustu fyrir fatlað fólk




1.770 
einstaklingar fengu þjónustu skv.
lögum um þjónustu við fatlað fólk

10,4%
aukning milli ára
(1.603 árið 2020)

489 
einstaklingar bjuggu í
húsnæði fyrir fatlað fólk

7%
aukning milli ára
(459 árið 2020)

Íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk

Notendastýrð persónuleg aðstoð

Alls voru 30 samningar um [notendastýrða persónulega aðstoð \(NPA\)](#) í gildi á árinu 2021.

Hvað segja notendur?

Umfangsmikil könnun var framkvæmd á árinu 2021 meðal íbúa í íbúðakjörnum og á sambýlum Reykjavíkurborgar. Spurt var um sjálfstætt líf íbúa og nýtingu þeirra á tækni í daglegu lífi.



Niðurstöðurnar sýna að heilt yfir telur meirihluti íbúa sig búa við sjálfstæði.

82%

geta sinnt áhugamálum og
hitt vini þegar þau vilja

81%

komast ferða sinna
þegar þau vilja

84%

íbúa íbúðakjarna hafa
aðgang að internetti

89%

nota tækin sín til að hafa
samskipti við vini og ættingja

Heildarniðurstöður könnunar má sjá hér

Heimilislaust fólk


Reykjavíkurborg veitir margvíslegan stuðning til fólks sem er heimilislaust og glímir við vímuefnavanda eða geðrænan vanda. Stuðningur við heimilislaust fólk byggist á hugmyndafræðinni um Húsnaði fyrst og skaðaminnkun.



Neyðarskýli


[Neyðarskýlin](#) í Reykjavík eru fyrir [heimilislaust fólk](#). Myndirnar sýna fjölda gesta og gistenáttu í þeim þremur neyðarskýlum sem rekin eru í Reykjavík, auk tveggja tímabundinna neyðarskýla sem starfrækt voru á árinu 2020 og 2021. Tilgangur tímabundnu neyðarskýlanna var að fjlöga gistiþýmum á tímum Covid-19 og að minnka smithættu meðal gesta.

Gestir í neyðarskýlum



Gestum fjölgaði um tæp 6% á milli ára og fjöldi gistenáttu jókst um 22%. Líklega má að einhverju leyti rekja þessa aukningu til áhrifa Covid-19 faraldursins, þegar heimilislaust fólk hafði í færri hús að venda. Þrengingar jukust sömuleiðis á húsnæðismarkaði á árinu 2021 sem telja má að hafi áhrif á aukinn fjölda gistenáttu.

Gistenætur í neyðarskýlum



Vettvangs- og ráðgjafateymi

Tilgangur [Vettvangs- og ráðgjafateymis](#) (VoR teymis) er að aðstoða heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Teymið veitir fjölbreytta aðstoð, stuðning og ráðgjöf og miðlar upplýsingum um þjónustu sem er í boði. Teymið starfar meðal annars með fólk sem sækir gistiskýli fyrir konur og karla með íbúum smáhúsa, íbúða þar sem þjónusta er veitt á grundvelli hugmyndafræðinnar húsnæði fyrst.


120

 eru í þjónustu
VoR teymis

78

 karlar eru með
þjónustu

42

 konur eru með
þjónustu

Viltu vita meira?

Ítarleg úttekt sem gerð var á stöðu heimilislausra í Reykjavík var framkvæmd á velferðarsviði í október 2021. Þar kom meðal annars fram að 301 einstaklingur var heimilislaus. Langstærsti hluti hópsins, eða 54%, býr í húsnæði fyrir heimilislausá á vegum Reykjavíkurborgar eða á áfangaheimilum. 31% hópsins nýtir neyðargistingu en átta einstaklingar, eða 3% hópsins, hafast við „á víðavangi“ við slæmar aðstæður.


54%

 býr í húsnæði fyrir
heimilislausá

31%

nýtir neyðargistingu


[Heildarniðurstöður úttektar](#)

Húsnæði

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að fólk hefur ekki tök á að eignast eða leigja húsnæði á almennum markaði. Í árslok 2021 voru alls 3.015 almennar félagslegar leiguþúðir, þjónustuþúðir aldraðra, húsnæði fyrir fatlað fólk og húsnæði fyrir heimilislaust fólk á vegum velferðarsviðs.



Fjöldi úthlutana í félagslegt leiguþúði



531



umsóknir á biðlista eftir almennu félagslegu leiguþúði í árslok




1,1%
aukning milli ára

(525 við árslok 2020)

Fjöldi notenda sem fékk sérstakan húsnæðisstuðning

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárhagsleg aðstoð við fjölskyldur og einstaklinga á leigumarkaði sem þurfa stuðning vegna greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðibætur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Notendum sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning fjölgaði um **11,4%** milli ára.



Hvað segja notendur?

Á árinu var gerð könnun meðal íbúa í þjónustuþbúum í Furugerði og Seljahlíð. Kannað var hvernig þjónustan kemur til móts við þarfir þeirra.



85%
telja sig hafa mikið gagn af stuðningnum

93%
upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki


Heildarniðurstöður könnunar má sjá hér

Stuðningur í heimahúsi

Hvort sem horft er til stuðnings við eldra fólk, fatlað fólk eða aðra hópa er lögð höfuðáhersla á að stuðningur fari að sem mestu leyti fram á heimilum fólks. Þetta endurspeglast í tölu um stuðning í heimahúsi en hann eykststatt og stöðugt.

Fjöldi notenda sem fá heimahjúkrun

Síðustu þrjú ár hefur heilbrigðisþjónusta í heimahúsi aukist, sem er í samræmi við samning Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga.



Notendum [heimahjúkrunar](#) hefur fjöldað, sem rekja má til ýmissa þátta, til að mynda þess að nú fá fleiri [endurhæfingu í heimahúsum](#) og þá hefur nýting [velferðartækni](#) og heilbrigðistæknilausna aukist til muna. Með tilkomu [SELMU](#), sérhæfðs teymis sem styður við heimahjúkrun, og ráðningu fíkniráðgjafa hefur verið hægt að styðja betur við veitta þjónustu.

Þetta hefur leitt til þess að hægt er að sinna notendum heimahjúkrunar bæði lengur og betur heima fyrir en áður.




Heimsendur matur

Eftirspurn eftir [heimsendum mat](#) jókst mikið í Covid-19 faraldrinum samhliða smitum og samkomutakmörkunum en minnkaði aftur þegar smitum fækkaði og takmarkanir voru rýmkaðar. Þrátt fyrir fækkun máltíða og notenda milli ára er eftirspurn eftir heimsendum mat langt umfram það sem hún var fyrir Covid-19 faraldurinn.




- 2%
breyting milli ára
(128.213 árið 2020)




- 17%
breyting milli ára
(1.347 árið 2020)

Fjöldi máltíða



Fjöldi notenda



Akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldra fólks

Akstursþjónusta fyrir [fatlað fólk](#) og [eldra fólk](#) hélst í hendur við framgang Covid-19 faraldursins. Þannig minnkaði eftirspurnin samfara aukningu smita og aukinna samkomutakmarkana. Þegar fór að liðka um í samfélaginu, smitum fækkaði og bólusettum fjölgæði jókst eftirspurnin á ný. Bæði heildarfjöldi notenda og ferða jukust á árinu 2021 samanborðið við árið 2020. Notendur akstursþjónustu eru nú fleiri en fyrir faraldurinn en ferðirnar eru ennþá færri.

234.929
ferðir voru eknar
í akstursþjónustu




22%
aukning milli ára
(192.817 árið 2020)

1.549
notendur fengu
akstursþjónustu




4%
aukning milli ára
(1.490 árið 2020)

Fjöldi ferða



Fjöldi notenda



Heimaþjónusta

Notendum í félagslegri heimaþjónustu (nú heimastuðningur) fjölgar lítillega milli ára eftir fækken árið 2020. Þá fækken mátti rekja til Covid-19 en margt eldra fólk kaus að fá ekki slíka þjónustu meðan á heimsfaraldrinum stóð, til að forðast smit. Enn fjölgar vinnustundum sem rímar við markmið velferðarsviðs um að veita meiri þjónustu til fólks í mikilli þörf. Fjölgun vinnustunda umfram fjölgun notenda er vísbending um að þróunin sé í þá átt.

Hvað segja notendur?



Á árinu var framkvæmd könnun meðal notenda heimaþjónustu og kannað hvernig þjónustan kemur til móts við þarfir þeirra.



80%
segja stuðninginn bæta lífsgæði sín

94%
upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólk

Heildarniðurstöður könnunar má sjá hér




Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, með það að markmiði að styðja fólk til sjálfshjálpar og stuðla að því að það geti framfleytt sér.




Fjöldi notenda sem fær fjárhagsaðstoð eftir fjölda mánaða sem aðstoð var veitt 2011–2021



Fjöldi notenda sem fékk fjárhagsaðstoð

Hlutfall flóttafólks af heildarfjölda




Notendur sem fengu [fjárhagsaðstoð](#) voru alls **3.521** talsins og fjölgaði um 2,9% milli ára.

Tæplega **67%** aukningaránnar kemur til vegna fjölgunar í hópi flóttafólks.

Hér er innifalin fjárhagsaðstoð til framfærslu og allar heimildargreiðslur, t.d. aðstoð vegna barna, námsstyrkir, húsbúnaðarstyrkir og útfarastyrkir.


Fjöldi atvinnulausra með bótarett og notendur fjárhagsaðstoðar

eftir mánuðum frá janúar 2011 til desember 2021




Fjöldi rafrænna umsókna um fjárhagsaðstoð

eftir mánuðum frá apríl 2019 til desember 2021



Þróun fjárhagsaðstoðar og Covid-19 bylgjurnar



Hvað segja notendur?

Í lok árs 2020 var gefin út [aðgerðaáætlun gegn sárafátaðkt](#). Liður í henni var að leggja könnun fyrir notendur fjárhagsaðstoðar sem hafa fengið aðstoð í langan tíma. Meginmarkmiðið var að meta aðgengi að þjónustunni og hvort ráðgjöfin mætti þörfum notenda.



81%
telja ráðgjöfina mæta þörfum sínum

77%
hafa fengið félagslega ráðgjöf á þjónustumíðstöð


Heildarniðurstöður könnunar má sjá hér

Virkni og endurhæfing

Fólk sem þarf á endurhæfingu eða stuðningi að halda við að komast í vinnu eða virkni getur fengið fjölbreytta ráðgjöf, fræðslu og úrræði sem miðast að þörfum hvers og eins. Virknihús Reykjavíkurborgar tók til starfa á árinu 2021 en þar er haldið utan um öll virkni- og endurhæfingarárræði velferðarsviðs á einum stað.




Þátttakendur í Virknihúsi



Samtals tóku 351 einstaklingur þátt í [virkni- og endurhæfingarárræðum](#) Virknihúss árið 2021. Það er 30% aukning milli ára. Aukning er á þátttökum í nær öllum úrræðum Virknihúss; Grettistaki, Kvennasmiðju, Tinna og IPS.

Þátttakendur eftir úrræðum Virknihúss



Ítarefni

Hátt í 19 þúsund einstaklingar nýttu sér velferðarþjónustu á árinu 2021 og hafa aldrei verið fleiri. Hér er að finna tæmandi lista yfir fjölda notenda, skipt eftir öllum þjónustupáttum sem falla undir starfsemi velferðarsviðs.



Ítarlegri tölfraði

Nánari greiningu á þjónustu og notendahópum eftir bakgrunnsbreytum á borð við kyn, aldur, fjölskyldugerð og ríkisfang má nálgast á [tölfraðivef svíðsins](#). Þá sýnir [Mælaborð velferðarþjónustu](#) fjölbreytta tölfraði svíðsins á myndrænan hátt.

Fjöldi notenda eftir tegund þjónustu

	2019	2020	2021
Félagsleg heimaþjónusta	3.603	3.568	3.614
Fjárhagsaðstoð allar tegundir	2.930	3.421	3.521
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2.195	2.539	2.433
Barnavernd Reykjavíkur	2.580	2.939	3.112
Barnaverndartilkynning	1.978	2.216	2.302
Heimahjúkrun	2.457	2.684	2.834
Sérstakur húsnæðisstuðningur - Félagsbústaðir	1.930	2.103	2.287
Sérstakur húsnæðisstuðningur - almennum markaður	1.571	2.039	2.338
Skólaþjónusta - tilvísanir, viðtalsbeiðir og bráðamál	1.877	2.104	2.736
Greiningar í skólaþjónustu	991	869	1.249
Samkomulag um félagslega ráðgjöf	919	808	1.197
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	898	898	925
Heimsending matar	829	1.347	1.122
Akstursþjónusta eldri borgara	620	592	624
Liðveisla við fatlað fólk, 18 ára og eldri	258	312	327
Einstaklingsstuðningur	-	393	400



	2019	2020	2021
Fjárhagsaðstoðarlán	286	441	217
Gistiskýli	223	222	228
Frekari liðveisla við fatlað fólk	216	258	275
Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf	-	133	192
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn	196	188	193
Stuðningsfjölskyldur	194	230	237
Lán til framfærslu	189	328	350
Umönnunarmat/fötluð börn	170	199	204
Húsnæðisúthlutani - félagslegar leiguibúðir	160	187	168
Grettistak	147	158	208
Skammtímadvöl fyrir fatlað fólk	135	168	126
Konukot	112	95	107
Þorrasel fjöldi gesta	111	93	116
Vitatorg fjöldi gesta	20	20	20
Húsnæðisúthlutun - þjónustuibúðir	64	66	49
Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur	61	54	75
Unglingasmiðjur	53	48	31
Vistheimili barna	53	52	40
Tinna	51	57	68
IPS Einstaklingsmiðaður stuðningur við atvinnuleit	40	37	67
Styrkur vegna tækjakaupa, náms-og skólagjalda/fatlað fólk	44	53	57
Kvennasmiðja	25	18	21
Notendastýrð persónuleg aðstoð NPA	24	23	30
Karlasmiðja	17	8	7

Starfsemi

Velferðarsviði tilheyra 116 fjölbreyttir starfsstaðir þar sem tæplega 3.500 starfsmenn vinna. Af þessum starfsstöðvum eru 76 heimili þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Sú starfsemi má ekki skerðast og var því ein stærsta áskorunin 2021 að halda úti órofinni starfsemi með því að tryggja mönnun við þær krefjandi aðstæður sem heimsfaraldur Covid-19 skapaði.



Fjöldi starfsstaða




Kynjaskipting starfsfólks velferðarsviðs árið 2021



● Konur ● Karlar

Skipurit velferðarsviðs






Starfsfólk

Á velferðarsviði starfar fjöldi fólks með margvíslega menntun og reynslu að fjölbreyttum verkefnum. Á undanförnum árum hefur stöðugildum á velferðarsviði fjöldað í samræmi við fjölgun íbúðakjarna fyrir fatlað fólk og húsnaðisúrræðum fyrir fólk með vímuefnavanda. Langflestir starfsmanna sviðsins starfa í þjónustu við fatlað fólk og umönnun aldraðra.

**3.459**starfsmenn að
meðaltali í mánuði**2.231**stöðugildi að
meðaltali í mánuði**37 ára**var meðalaldur
starfsfólks velferðarsviðs 2021**36 ára**var meðalaldur starfsfólks
velferðarsviðs 2020

Í hvaða málaflokkum vinnur starfsfólk velferðarsviðs?

47%í málaflokki
fatlaðra**30%**í málaflokki
eldra fólks**23%**í öðrum
málaflokkum

Fjöldi starfsfólks að meðaltali í mánuði

Fjöldi starfsfólks eftir kyni

Aldurssamsetning starfsfólks


Viðhorf og líðan


Árlega er viðhorfskönnun lögð fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar sem gefur hugmynd um viðhorf og afstöðu þess til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttu. Eru niðurstöður hennar rýndar og nýttar markvisst til þess að móta betra starfsumhverfi.

Í könnun ársins 2021 má lesa að meirihluta starfsfólks velferðarsviðs líður vel í vinnunni og er stoltur af sínum starfsstað.


Vegna Covid fór heildareinkunnin lítillega niður á við að velferðarsviði líkt og á flestum öðrum sviðum borgarinnar.




Á heildina er ég ánægð/ur í starfi




Ég er stolt/ur af starfsstaðnum mínum



Mér líður vel í vinnunni



Það er góður starfsandi á vinnustaðnum



Fyrir hverja spurningu er reiknuð einkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða.

Fræðslustarf

Covid-19 hafði mikil áhrif á fræðslustarf velferðarsviðs á árunum 2020 og 2021. Brugðist var við áhrifum faraldursins með því að bjóða starfsfólki upp á fjölbreytta rafræna fræðsluviðburði.



55
fræðsluviðburður var
haldinn á velferðarsviði 2021

→ **162%**
aukning milli ára
(21 viðburðir 2020)

1.274
þátttakendur á
fræðsluviðburðum 2021


→ **135%**
aukning milli ára
(542 árið 2020)

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsfólks

Þrátt fyrir aukningu á fræðsluviðburðum milli ára hafði Covid-19 þó áhrif á tækifæri starfsfólks að sækja fræðsluviðburði sem endurspeglast í niðurstöðum viðhorfskönnunar sem framkvæmd var meðal starfsfólks.


Tækifæri til fræðslu

Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið (mjög eða frekar sammála)



Nytsemi fræðslu

Sú fræðsla sem ég hef fengið nýtist vel í starfi (mjög eða frekar sammála)




Rekstur

Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs fyrir árið 2021 var 35.348 m.kr. sem var 588 m.kr. eða 1,6% innan fjárheimilda. Þegar frá eru dregnir bundnir liðir, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur, var rekstrarniðurstaðan 31.450 m.kr. sem var 1.056 m.kr. eða 3,47% umfram fjárheimildir.




Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs

Tölur í milljónum króna




Hlutfall velferðarsviðs

af heildarrekstrargjöldum Reykjavíkurborgar



Stærstu kostnaðarþættir á velferðarsviði

Tölur í milljónum króna



Rekstrargjöld velferðarsviðs eftir þjónustubáttum

Tölur í þúsundum króna

Kostnaðarstaður	Tekjur	Laun & tengd gjöld	Annar rekstur	Niðurstaða
Búsetuúrræði	-364.517	9.710.853	938.920	10.285.256
Stjórnsýsla, sérfræðipjónusta og ráðgjöf	-91.475	4.323.990	1.018.934	5.251.449
Samningar og styrkir	-276.784	32.299	4.642.830	4.398.345
Fjárhagsaðstoð	-972.270	55.307	3.538.484	2.621.520
Heimajónusta og Heimahjúkrun	-1.986.127	3.757.954	781.678	2.553.504
Stuðnings- og stoðþjónusta	280	1.898.530	507.398	2.406.209
Ýmis úrræði	-558.439	326.675	1.770.712	1.538.947
Húsnæðisstuðningur	0	0	1.276.337	1.276.337
Félagsmiðstöðvar	-119.242	449.885	491.324	821.967
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	-294.437	0	1.100.075	805.638
Þjónustuþúðir	-127.072	639.124	178.480	690.533
Dagþjónusta	-194.487	625.872	201.709	633.094
Önnur gjöld	-925.572	309.415	1.239.047	622.890
Keðjan	0	214.076	383.856	597.933
Þróunarverkefni	0	374.251	91.248	465.500
Hjúkrunarheimili	-1.727.693	1.584.571	480.564	337.442
Nefndir og ráð	0	31.572	1.041	32.613
Óflokkað	8	0	8.319	8.327
Velferðarsvið samtals	-7.637.827	24.334.374	18.650.957	35.347.504

Viltu vita meira?

Endurskoðaður ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

[Ársreikningur Reykjavíkurborgar](#)

Áhrif Covid-19 á rekstur velferðarsviðs

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á rekstur velferðarsviðs. Gripið var til að ýmissa ráðstafana til að viðhalda órofinni þjónustu á þeim fjölmörgu og ólíku stöðum sem heyra undir sviðið. Þar á meðal eru heimili fyrir fatlað fólk, hjúkrunarheimili, heimahjúkrun, úrræði barnaverndar og fleiri staðir.



Heildarkostnaður vegna Covid-19

Ýmiss viðbótarkostnaður féll til á sviðinu á árinu 2021 vegna ráðstafana sem grípa þurfti til vegna Covid-19. Einkum er um að ræða kostnað vegna launa og sóttvarnaráðstafana.




Launakostnaður vegna Covid-19

Launakostnaður vegna Covid-19 var vegna veikinda, sóttkvíar og einangrunar starfsfólks.



Launakostnaður eftir ársfjórðungum

upphæðir í þúsundum króna



Rekstrarkostnaður vegna Covid-19

Viðbótarrekstrarkostnaður vegna Covid-19
fél einkum til vegna sóttvarnaaðgerða og
aðgerða til viðspyrnu.




111 m.kr.
Rekstrarkostnaður
vegna Covid-19



Rekstrarkostnaður eftir mánuðum

Tölur í þúsundum króna



● Rekstur ● Viðspyrna

Annáll

Árið 2021 var viðburðaríkt á velferðarsviði og ýmis jákvæð skref tekin til að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Heimsfaraldur Covid-19 setti vissulega svip sinn á árið líkt og árið á undan, en hápunktí var náð um sumarið, þegar fyrsta velferðarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt.




22. JANÚAR
„Við höfum verið óskaplega einangruð“

Nokkur hundruð af skjólstæðingum heimahjúkrunar fengu á síðustu dögum janúarmánuðar heimsókn hjúkrunarfraeðings sem hafði bóluefní við Covid-19 með í för. Margir sáu þá fram á bjartari tíma eftir mikla einangrun og séu fyrir sér aukin samskipti við sína nánustu.

[Lesa alla fréttina](#)

29. JANÚAR
„Ef mennskan er í fyrsta sæti verður allt auðveldara“

Þrír einstaklingar sem komu til Íslands í leit að nýju lífi og hafa reynslu af því að fá þjónustu í Reykjavík tóku til málss á Velferðarkaffi – morgunfundi velferðarráðs. Á árinu 2020 veitti Teymis umsækjenda um alþjóðlega vernd á velferðarsviði 433 einstaklingum þjónustu.


12. FEBRÚAR
Velferðarráð úthlutar 35 styrkjum fyrir 102 milljónir króna

Hagsmuna- og grasrótarsamtökum í Reykjavík voru í gær veittir 35 styrkir fyrir 102 milljónir, við úthlutun styrkjá velferðarráðs. Alls bárust 68 umsóknir um styrki að upphæð rúmlega 292 milljóna.

[Lesa alla fréttina](#)

16. FEBRÚAR
Flóttafólk i borginni tryggð sambærileg þjónusta

Félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning um að Reykjavíkurborg veiti öllu flóttafólk sambærilega þjónustu, óháð því hvort um sé að ræða kvótaflóttafólk eða einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hérlandis.

[Lesa alla fréttina](#)

24. MARS
Hertar lokanir og takmarkanir vegna COVID-19

Vegna hópsmita voru aðgerðir vegna Covid-19 hertar hratt og töku gildi á miðnætti. Félagsstarf fyrir fullorðið fólk og matarþjónusta á félagsmiðstöðvum var takmarkað. Lögð var áhersla á að halda óskertri þjónustu við fatlað fólk og sótt um undanþágu vegna þess.

[Lesa alla fréttina](#)

9. APRÍL
Mikill meirihluti eldra borgara telur heilsu sína góða

Mikill meirihluti eldra fólks í Reykjavík telur andlega heilsu sína frekar eða mjög góða, eða um 90%. Ívíð færri meta líkamlega heilsu sína frekar eða mjög góða, eða 72%. Þetta mátti lesa úr nýrrí könnun sem lögð var fyrir 1800 eldri einstaklinga, 67 ára og eldri á landinu öllu.

[Lesa alla fréttina](#)

15. APRÍL
Aukið líf færist í félagsstarf eftir rýmkun á samkomubanni

Félagsstarf eldra fólks í Reykjavík færðist í eðlilegra horf. Það hafði verið skert vegna tíu manna takmarkana en var rýmkað á ný, þegar 20 manns máttu koma saman. Þá hófst matarþjónusta á ný en hún hafði einnig legið niðri.

[Lesa alla fréttina](#)

21. APRÍL
Fjöldi fólk fíkk fyrstu bólusetninguna við Covid-19

Mikilvægum áfanga var náð þegar fleiri en 300 einstaklingar sem fá þjónustu velferðarsviðs fengu fyrstu bólusetninguna við Covid-19. Í hópnum var fatlað fólk sem fær viðtæka þjónustu á vegum velferðarsviðs og gekk allt vel fyrir sig.

[Lesa alla fréttina](#)

[Um ós](#)
Hæ Árni!

Vatnsmálum er tilgangur til næstu þróunarstofu og gildi
spjaldungar um hópum og þróunum eftir síðanum 2 maí með
einnig til að nákvæmisa aðgreindum fyrirvara.

Verður teknar með ós og til gerðar af ós til aðgreindum fyrirvara.

Eftir síðanum:

[Blaðaðu](#)
[Með ós](#)

23. APRÍL
Rafvæðing fjárhagsaðstoðar verðlaunuð

Rafvæðing fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar hlaut tvönn silfurverðlaun og ein bronsverðlaun í alþjóðlegu hönnunardeppninni Indigo Design Awards. Keppnin leggur áherslu á að verðlauna framsækna og spennandi hönnun.

[Lesa alla fréttina](#)

26. APRÍL
Gott að búa við öryggi í eigin íbúð

Sex einstaklingar fengu íbúð í nýjum íbúðakjarna í Árbænum. Íbúðirnar sem tilheyra kjarnanum eru í nýjum og fallegum fjölbýlishúsum sem Félagabústaðir keyptu af Bjari íbúðafélagi fyrir hönd velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

[Lesa alla fréttina](#)

7. MAÍ
Hjólin tóku að snúast í Atvinnu- og virknimiðlun og Virknihúsi

Ráðið var í stöður sérfræðinga í Atvinnu- og virknimiðlun og Virknihús, sem tóku svo til starfa í byrjun júní. Í gegnum Atvinnu- og virknimiðlun er virkni- og vinnuaðmarkaðsgerðum komið í framkvæmd en í Virknihúsi er haldið utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs.

[Lesa alla fréttina](#)

15. MAÍ
Eldra fólk fær kennslu í tölvuleikjum og snjalltækjanotkun

Annað árið í röð var farið af stað með tæknilæsinámskeið fyrir fullorðið fólk í Reykjavík. Slík námskeið voru haldin sumarið 2020 og vöktu mikla ánægju. Árið 2021 voru þau fleiri og sérhæfðari, svo sem tölvuleikanámskeið og námskeið í notkun fjölbreytrra snjalltækja.

[Lesa alla fréttina](#)

17. MAÍ
Rótin hlýtur Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021

Rótin, félag um konur, áföll og vínumgjafa, hlaut Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021. Verðlaunin eru veitt einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi.

[Lesa alla fréttina](#)

19. MAÍ
Styrkja ungt fólk við að aðlagast á nýjum slóðum

Þrjú verkefni voru sett af stað á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sem öll miða að því að bæta líf, auka virkni og bæta þjónustu við ungt fólk af erlendum uppruna á aldrinum 16 til 19 ára. Verkefnið voru hlutu styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála.

[Lesa alla fréttina](#)

3. JÚNÍ
Áframhaldandi aðstoð við heimilislaus af erlendum uppruna

Skrifað var undir áframhaldandi samstarfssamning við Barka-samtökum en verkefnið er samstarf félagsmálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Barka, pólskra samtaka sem veita stuðning og ráðgjöf við heimilislaust fólk af erlendum uppruna.

[Lesa alla fréttina](#)

15. JÚNÍ
Fyrsta velferðarstefnan samþykkt í borgarstjórn

Þjónustusvæði Reykjavíkurborgar verða fjögur, rafræn þjónustumiðstöð verður sett á laggjnar og þjónusta við börn og fjölskyldur efla. Þetta er meðal þess sem fyrsta velferðarstefna Reykjavíkurborgar leiðir af sér.

[Lesa alla fréttina](#)



22. JÚNÍ
Verkefni til að styðja við flóttafólk í uppeldi gefur góða raun

Ísland er á meðal fjögurra Evrópuþjóða sem sameiginlega standa að verkefni sem miðar að því að styrkja foreldra í hópi flóttafólks. Á rúmu ári fengu fjörutíu foreldrar fræðslu í gegnum SPARE-verkefnið hjá Reykjavíkurborg.

[Lesa alla fréttina](#)



1. JÚLÍ
Aukið fjármagn í sálfræðipjónustu fyrir börn

Borgarráð samþykkti 140 milljóna króna aukafjárheimild til tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga, til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglings.

[Lesa alla fréttina](#)



27. SEPTMBER
Könnun sýnir mikla ánægju með SELMU-verkefnið

Könnun meðal hjúkrunarfræðinga í heimaþjónustu sýnir mikla ánægju með verkefnið SELMU, sem samanstendur af hjúkrunarfræðingum og verkefnastjóra af velferðarsviði og læknum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

[Lesa alla fréttina](#)



15. OKTÓBER
Nýum reglum fylgir aukið samráð
Borgarráð samþykkti nýjar reglur stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og jafnframt reglur um stuðningsþjónustu sem miða að eldri borgurum. Nýum reglum fylgir meðal annars aukið samráð við notendur um þjónustuna.

[Lesa alla fréttina](#)



28. OKTÓBER
Aukinn stuðningur við fólk með heilabilun

Borgarráð samþykkti að hefja þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun sem búa heima. Velferðarsvið fékk aukna fjárheimild upp á 36 milljónir króna á árinu 2022 til verkefnsins.

[Lesa alla fréttina](#)



5. NÓVEMBER
„Við viljum að fólk finni að það er velkomið til Íslands“

Svokallaðir „sendiherrar“ gegna sífellt mikilvægara hlutverki við að miðla mikilvægum upplýsingum um íslenskt samfélag til landa sinna. Sendiherra fyrir samfélag Rúmena á Íslandi sagði frá hlutverki sínu á velferðarkaffi.

[Lesa alla fréttina](#)



18. NÓVEMBER
Öflugri nærpjónusta við barnafjölskyldur í öllum hverfum

Borgarráð samþykkti á fundi sínum að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum. Því fylgia umtalsverðar skipulagsbreytingar á bæði velferðarsviði og skóla- og frístundasviði, börnum til hagsbóta.

[Lesa alla fréttina](#)



1. DESEMBER
Ellefu nýir stjórnendur voru ráðnir til starfa
Ellefu nýir stjórnendur voru ráðnir til starfa á velferðarsviði sem munu taka pátt í mótu velferðarþjónustu borgarinnar í samræmi við nýja velferðarstefnu, innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn og farsældarlög félagsmálaráðherra.

[Lesa alla fréttina](#)



8. DESEMBER

Húsnaði og neyðarrýmum fyrir heimilislaust fólk fjölgæð til muna

Á fundi velferðarráðs var umfangsmikil skýrsla um stöðu heimilislausra í Reykjavík kynnt. Í henni kom meðal annars fram að frá því í október 2019 hafi neyðarrýmum eða íbúum ætluðum heimilislausu fólk verið fjölgæð um 49.

[Lesa alla fréttina](#)

22. DESEMBER

Flóttafólk frá Afganistan sest að í Reykjavík

Hópur flóttafólks frá Afganistan kom til Íslands skömmu fyrir jól og fékk flest þeirra heimili í Reykjavík. Í hópnum voru 22 einstaklingar og þar af 14 börn. Fjölskyldurnar fá umfangsmikinn stuðning og þjónustu frá starfsfólk við velferðarsvið Reykjavíkur.

[Lesa alla fréttina](#)

29. DESEMBER

Neyðarstjórn velferðarsviðs virkjuð á ný

Undir lok árs var nauðsynlegt að virkja neyðarstjórn velferðarsviðs enn á ný, vegna mikils fjölda starfsfólks í einangrun og sóttkví. Langflest þeirra vinnur við umönnun af ýmsu tagi, eins og í heimaþjónustu, á búsetukjörnum og í gistiskýlum.